

SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi verktaka á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Á fundi stafræns ráðs þann 14. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 52. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. janúar 2024:

Hver er fjöldi verktaka sem starfa fyrir þjónustu- og nýsköpunarsvið í tengslum við stafræna umbreytingu og í gegnum hvaða fyrirtæki eru þeir ráðnir? Hver er kostnaður við hvern verktaka? Hver er kostnaður borgarinnar af fundum með verktökum í tengslum við stafræna umbreytingu? Er verktökum boðið á starfsmannaviðburði á kostnað borgarinnar?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 15. febrúar 2024.

Svar:

Fjöldi verktaka sem starfa fyrir þjónustu- og nýsköpunarsvið í tengslum við stafræna umbreytingu er breytilegur á milli mánaða og eru þeir ráðnir í gegnum fjölda fyrirtækja á markaði. Þau gögn sem hér er spurt um liggja ekki fyrir á einum stað og það mun kosta umtalsverða vinnu starfsfólks að taka þau saman. Bent er á að að hægt er að sjá upplýsingar um innkaup þjónustu- og nýsköpunarsviðs í yfirliti þess um innkaup yfir einni milljón króna sem lagt er fram í stafrænu ráði ársfjórðungslega. Þar sést yfirlit yfir öll innkaup sem eru af þeirri stærð að þau fara ekki í gegnum innkaupaskrifstofu. Innkaupaskrifstofa borgarinnar heldur síðan til haga yfirliti yfir þau innkaup er framkvæmd eru þar. Það sama á við um fundi með verktökum en slíkir fundir tilheyra eðli málsins samkvæmt hverju og einu verkefni og því liggur þessi kostnaður ekki fyrir.

Verktökum hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði er ekki boðið á starfsmannaviðburði á kostnað borgarinnar en starfsfólki á vegum verktaka sem starfa á starfsstöðum þjónustu- og nýsköpunarsviðs býðst að taka þátt í viðburðum, s.s. árshátíð gegn fullri greiðslu kostnaðar.

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri